

Tæknideild Kópavogs

Fannborg 2 – 200 Kópavogur – sími 570 1550

Alþingi
Erindi nr. Þ 180/1165
komudagur 26.2.2004

Kópavogi, 25. febrúar 2004
ÞH/BHS/040225al

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum og frumvarp til skipulags- og byggingarlaga - Umsögn.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 19. þ.m. var lagt fram erindi yðar, dags. 12. þ.m., þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreind frumvörp til laga. Bæjarráð fól undirrituðum f.h. bæjaryfirvalda að gefa yður umsögn um frumvörpin.

U M S Ö G N:

Bæjaryfirvöld í Kópavogi telja að þær breytingar sem hér eru lagðar til séu að miklu leyti til bóta. Einkum er litið jákvætt á að horfið verði frá því að Skipulagsstofnun úrskurði um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og taki í úrskurðinum ákvörðun um hvort fallist sé á eða lagst gegn framkvæmd. Hins vegar telja bæjaryfirvöld ljóst að kostnaður sveitarfélaganna og annarra framkvæmdaaðila muni aukast umtalsvert verði frumvörpin samþykkt óbreytt. Jafnframt er lagt til að betur verði tryggt að málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarnefnd taki ekki óhæfilega langan tíma. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir sjónarmiðum Kópavogsbæjar.

A. Frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum:

2. gr.

Athygli vekur að í nefnd sem kveða á upp úrskurði um skipulags- og byggingarmál er ekki krafist að a.m.k. einn nefndarmaður hafi sérþekkingu á sviði skipulags- og byggingarmála. Aftur á móti er krafist að einn nefndarmaður hafi sérþekkingu á sviði náttúruvísinda.

Samkvæmt frumvarpinu á úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála að “kveða upp úrskurði sína svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berst mál í hendur.” Í núgildandi lögum er miðað við tvo mánuði. Bæjaryfirvöld í Kópavogi mæla gegn því að þessi frestur sé lengdur. Í því sambandi má benda á að þrátt fyrir núgildandi ákvæði hefur verið mikill seinagangur á störfum nefndarinnar frá upphafi. Meðalafgreiðslutími hjá nefndinni var a.m.k. um tíma hátt í tvö ár. Slíkur seinagangur er ekki síst óþolandi fyrir hinn almenna borgara sem skotið hefur málum sínum til úrskurðar í nefndinni. Hagsmunir framkvæmdaaðila eru e.t.v. mest í húfi, þegar krafist er úrskurðar um stöðvun framkvæmda. Bæjaryfirvöld í Kópavogi leggja til að hér verði bætt inn ákvæði um að kærandi leggi fram tryggingu sem

framkvæmdaaðili getur gengið að, ef málið fer fyrir dómstóla og sýnt verður fram á að kærán hafi ekki verið á rökum reist. Jafnframt er lagt til að bætt verði við ákvæði um að nefndin fái aðeins tiltekinn frest eftir að kæra berst til að úrskurða um stöðvun framkvæmda. Að þeim fresti liðnum falli niður heimild nefndarinnar til að úrskurða í málinu.

Í frumvarpinu er þess getið að aðeins þeir sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun geti skotið máli til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Bæjaryfirvöld telja að þessi breyting sé af hinu góða


B. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum.


3.gr.

Hér er verið að færa umhverfismatsferlið að hluta frá Skipulagsstofnun í hendur sveitarstjórna, sem er af hinu góða. Skipulagsstofnun gefur aðeins álit en úrskurðar ekki. Hins vegar eykst kostnaður sveitarfélaga og annarra framkvæmdaaðila vegna aukinnar umsýslu og meiri vinnu sérfræðinga á þeirra vegum.

19. gr.

Bæjaryfirvöld í Kópavogi mæla gegn því að bætt sé við a) og b) – liðum. Fjallað er um umhverfiáhrif þessara þátta á skipulagsstigi. Á framkvæmdastigi þáttanna kemur tiltölulega lítið fram varðandi umhverfisáhrif, sem ekki hefur þegar komið fram á skipulagsstigi. Til vara er lagt til að viðmiðunartölur í b)-lið verði hækkaðar í 30.000 m² fyrir verslunarmiðstöðvar og 1.000 stæði fyrir bílastæðahús.


Þórarinn Hjaltason
bæjarverkfræðingur


Birgir H. Sigurðsson
skipulagsstjóri